



Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. mars 2026

MSS26020041

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði um hækkun frístundastyrks barna og ungmenna

Á fundi menningar- og íþróttaráðs 6. mars 2026 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 11. febrúar 2026 þar sem fram kemur að á fundi borgarstjórnar 10. febrúar 2026 hafi verið lögð fram tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að hækka frístundastyrk barna og ungmenna. Tillögunni var vísað til meðferðar menningar- og íþróttaráðs.

Menningar- og íþróttaráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar við gerð fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Ráðið þakkar fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta fyrir skilmerkilega tillögu um hækkun frístundastyrks barna og ungmenna. Ljóst er að tillagan byggir á skýrum lýðheilsurökum og í raun er eini annmarki hennar fjárhagslegs eðlis. Hækkun styrksins um þriðjung í 100 þúsund krónur fyrir hvert barna kallar á aukin útgjöld borgarsjóðs um sem nemur 400-500 hundruð milljóna króna á ári. Telja fulltrúar samstarfsflokkan að betra færi á að einbeita sér að börnum sem ekki nýta frístundastyrkinn sem eru um 18% barna og koma þeim í virkni og þátttöku. Fulltrúar samstarfsflokkan telja eðlilegt að vísa tillögunni áfram til fjárhagsáætlunargerðar fyrir næsta ár og það verði viðfangsefni nýrrar borgarstjórnar að vinna með hana að loknum kosningum í vor.

Ragnheiður Gróa Elvars ungmennaráði Árbæjar og Holta og Ása Kristín Einarsdóttir frá frístundaskrifstofu skóla- og frístundasviðs tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Helga Björnsdóttir
skrifstofa menningar- og íþróttasviðs

Afrit:

Hulda V. Valdimarsdóttir, verkefnisstjóri frístundastarfs SFS

Ása Kristín Einarsdóttir, verkefnisstjóri frístundastarfs SFS



Reykjavík